



Áveitan

7. tbl. 14. árgangur. Júlí 2020



Ungmennafélagsreiðtúrinn 2020

Hinn árlegi ungmennafélagsreiðtúr verður farinn fimmtudagskvöldið 16. júlí nk.

Að þessu sinni á að hittast á hlaðinu í Fljótshólum kl 20. Riðið verður af stað kl 20:30.

Mareike á Fljótshólum leiðir reiðina og farinn verður góður hringur sem ætti að henta ungum sem öldnum. Einn hestur á mann ætti að duga.

Mætum sem flest, þeir sem vilja geta komið með hross á kerru og ætti að vera nóg pláss fyrir bíla og kerrur á hlaðinu í Fljótshólum.

Stjórn Þjóttanda

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Flóamenn fögnuðu þjóðhátíðardeginum 17. júní á útivistasvæðinu við Einbúa. Flóahreppur færir Umf. Þjótanda, kvenfélögunum í Flóahreppi og Einbúanefnd bestu þakkir fyrir vel heppnaða dagskrá á hátíðinni sem var fjölmennari en oft áður enda svæðið við Einbúa vel til þess fallið að taka á móti gestum. Dagskráin var fjölbreytt og allir nutu veðurlíðunnar.

Menningarstyrkur Flóahrepps 2020 var afhentur og hlutu hann Skógræktarfélag Villingaholtshrepps til uppbyggingar á útivistasvæðinu í Skagási og samstarfshópur um Ullarvíku á Suðurlandi í október 2020.

Umhverfisverðlaun Flóahrepps 2020 – Fegrun umhverfis

Eftirtaldir aðilar hlutu umhverfisverðlaun Flóahrepps árið 2020.

Eigendur **Loftstaða vestri** fyrir ferðaþjónustufyrirtækið “ **Camp Boutique** og Agnes Harpa Hreggviðsdóttir og Birgir Engilbertsson **Langholti 1** fyrir snyrtilega aðkomu að býli.

Flóahreppur óskar handhöfum umhverfisverðlauna Flóahrepps til hamingju með viðurkenningarnar. Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps fær bestu þakkir fyrir ferðalög og vinnu við úttektir.

Íþróttamenn Flóahrepps 2020 þau Sölvi Ólafsson og Olil Amble voru heiðruð á hátíðinni við Einbúa. Sölvi fyrir góðan árangur í handbolta og Olil fyrir góðan árangur í hestaíþróttum. Flóahreppur óskar þeim báðum til hamingju með farsælan íþróttuferil og góðan árangur.

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn hóf störf 8. júní og mun starfa til 24. júlí . Flokkstjórar

og aðrir þátttakendur í vinnuskólanum fá bestu þakkir fyrir dugnað og frábært framlag til fegrunar umhverfis.

Boðið er upp á slátt fyrir eldri borgara við heimahús og er þeim sem hafa áhuga á að nýta sér það bent á að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfangið

kristinliljasigurjonsd@gmail.com á lokunartíma skrifstofunnar frá 13. – 31. júní.

Framkvæmdir og viðhald húseigna og lóða

Fasteignasviðið hefur unnið að endurbótum í Þjorsárverri, skipt um raflagnir, og endurnýjað búnað í kringum svið ásamt minni viðhaldsverkefnum. Í Félagslundu hefur verið skipt um gólfefni í anddyri og unnið er að viðgerðum á Laxastofu sem er viðbygging við Gömlu Þingborg. Í sumarlokun leikskóla verður unnið að endurbótum á lóð leikskólans. Undirbúningur fyrir breytingar á kyndingu í Flóaskóla standa yfir og er gert ráð fyrir að þeirri framkvæmd ljúki í sumar.

Sumarlokanir leikskóla og skrifstofu

Leikskólinn Krakkaborg lokar á tímabilinu 3. júlí – 6. ágúst. Skrifstofa Flóahrepps lokar á tímabilinu 13. júlí – 4. ágúst. Sveitarstjórn Flóahrepp verður í sumarleyfi frá 7. júlí – 11. ágúst. Upplýsingar um neyðarnúmer vatnsveitu og þjónustufulltrúa seyruverkefnis er að finna á heimasíðu Flóahrepps www.floahreppur.is
Fyrsti fundur sveitarstjórnar að loknu sumarleyfi verður einnig auglýstur á heimasíðu.

Með góðri kveðju frá skrifstofu Flóahrepps,
Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri.



Pistillinn

Mig langar til að byrja á að þakka vinkonu minni Helgu Sigurðardóttur á Stóra Ármóti áskorunina að skrifa næsta pistil.

Í pistli mínum hér langar mig til að segja ykkur frá ritverki sem á að koma út núna á haustmánuðum, en það er Flóamannabók I og II, sem er um gamla Hraungerðishrepp hin forna. Síðar munu svo koma út bækur um Villingaholtshrepp og Gaulverjabæjarhrepp hina fornu. Skrif þessara bóka komu til af því að Brynjólfur Ámundason frá Kambi í Villingaholtshreppi átti heilmikið safn af skráðum heimildum um bændur og búalið þessara hreppa, einnig óhemju magn af myndum sem hann hafði safnað. Það er svo Jón M Ívarsson sagnfræðingur frá Vorsabæjarhól sem skrifar bækurnar en þær eru lesnar yfir af Svavari Sigmundssyni og Guðmundi Stefánssyni, en báðir eru þeir frá Hraungerði.

Þetta ritverk spannar tímann allt frá 1703 til dagsins í dag. Þar verður saga félaga í sveitinni gerð góð skil s.s kvenfélaga, búfjárræktarféлага, ungmennafélaga og ekki má gleyma Flóaáveitunni. En fyrst og fremst er þetta saga ábúenda og saga jarðanna, örnefni svo eitthvað sé nefnt. Yfir 2000 myndir munu prýða bókina.

Þessar bækur eru mikið upplýsingarit sem ætti að vera til á hverju heimili í Flóanum og víðar. Mikill fróðleikur er í þeim og sögur um forfeður og - mæður okkar sem hætt er við að myndu glatast ef ekki væri skráð á blað.

Þeir sem vilja gerast heiðursáskrifendur fá nafn sitt birt á heiðursnafnalista í bókinni og geta keypt bækurnar tvær á kr 20.000. Einnig geta áskrifendur fengið bækurnar á þessu sama verði með því að panta þær hjá Sigmundi Stefánssyni í síma 898 6476 eða senda póst til hans á netfangið sigmundurstef@gmail.com.

Á næstu síðu er eyðublað sem fólk getur fyllt út og sent til Sigmundar, annað hvort með því að klippa það út og send í pósti á heimilisfang hans að Logafold 163, 112 Reykjavík, eða með því að mynda eyðublaðið eða skanna það og senda í tölvupósti á ofangreint netfang. Að lokum langar mig til að skora á Gunnar B. Gunnarsson á Arnarstöðum að skrifa næsta pistil.

Með sumarkveðjum til ykkar kæru sveitungar.
Veronika Narfadóttir, Túni

Heiðursáskrift og/eða áskrift

Flóamannabók – Byggðasaga Flóahrepps

Ég undirrituð / undirritaður panta hér með eitt eintak af fyrstu tveimur bókum **Flóamannabókar, - Byggðasögu Flóahrepps**, þar sem fjallað er um Hraungerðishrepp. Nafn einstaklings eða fyrirtækis sem tiltekið er hér að neðan verður skráð í heiðursáskriftalista fremst í Flóamannabók en hjón og sambúðafólk geta skráð nöfn sín saman og fá eitt eintak af hvorri bók. Verð bókanna er kr. 20.000 sem greiðist eigi síðar en 1. september 2020. Reikningur verður sendur áskrifendum í heimabanka eða pósti ef óskað er. Bækurnar verða afhentar við útgáfu sem áætluð er fyrir júl 2020.

Nafn: _____

Nafn / nöfn eða heiti sem skrá skal á heiðursáskriftalistann:

Kennitala greiðanda: _____

Heimilisfang: _____

Símanúmer: _____

Tölvupóstfang: _____

Óska eftir reikningi í pósti: Heiðursáskrift:

Óska eftir reikningi í heimabanka: Áskrift:



Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11 - 18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum en samhliða er boðið upp á allskonar afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Fjölbreyttar keppnisgreinar eru í boði á mótinu svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi: Biathlon, bogfimi, fimleikalíf, frísbíggf, frjálsar íþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, hestaiþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, kökuskreytingar, körfubolti, motocross, pílukast, rafíþróttir, skák, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund, taekwondo og upplestur.

Allar nánari upplýsingar um mótið er að finna á heimasíðunni www.ulm.is

Skráning er hafin á mótið og líkur henni á miðnætti 26. júlí.

Við hvetjum alla í Flóahreppi að skoða heimasíðu mótsins vel og nota þetta frábæra tækifæri til að taka þátt, nú þegar mótið er haldið í okkar heimabyggð.

Athugið, marga sjálfboðaliða þarf á mót sem þetta. Greitt er fyrir hverja unna vinnustund á mótinu, og rennur upphæðin til þess aðildarfélags HSK sem starfsmaðurinn kýs. Þetta gæti því orðið góð fjáröflun fyrir Þjótanda ef t.d. foreldrar keppenda væru til í að starfa einhvern hluta helgarinnar. Áhugasamir hafi samband við Bryndísi formann.

Uppskriftarhornið

Takk fyrir áskorunina Sólveig mín.

Hér kemur ein uppskrift sem er í miklu uppáhaldi hjá okkur og hefur fylgt mér í 35 ár.

Vil ég skora á vinkonu mína Siggú á Grund í næstu Áveitu.

Rækjur í hlaupi sem slá í alltaf í gegn

2 pakkar Toro lys buljong-gele aspik-hlaup

400 g rækjur

harðsoðin egg

einnig má nota grænan aspás

rauða og græna paprika

steinselju graslauk eða bara sem ykkur dettur í hug, en okkur finnst alltaf best að hafa bara rækjur og egg.

Leysið upp hlaup í sjóðandi vatni og hellið smávegis í botn formsins. Látið stífna. Raðið fallega í botninn skorinni t.d papriku, aspás, eggjum, steinselju og rækjum, og raðið síðan upp við barmana svo hráefnið geti stuðst við það matarskraut sem fyrst var raðað í botninn.

Fyllið upp í formið með afgöngum hráefnanna og fyllið svo upp með soðinu. Látið mótið standa kyrrt meðan hlaupið kólnar og stífnar, og setjið svo í kæli. Berið fram með t.d ristuðu brauði, tómötum, gúrkum, vínberjum, sítrónusneið og kokkteilsósu eftir smekk.



Best er að laga hlaupið deginum áður en það geymist vel í kæli í fimm daga. Má ekki frysta. Eins má nota 1 dl af hvítvíni út í hlaupið og þá taka út 1 dl af soðnu vatni í staðinn.

Helena Hólm, Skálatjörn

Úrslit af íþróttamótum

Þjótandi átti þónokkra keppendur á Héraðsleikum HSK í Þorlákshöfn 14. júní sl. Krakkarnir náðu þessum flotta árangri:

Kristófer Máni Andrason	´10	60m hlaup	11,41 sek	2. sæti
		400m hlaup	1:27,46 mín	1. sæti
		Hástökk	0,80 m	6. sæti
		Langstökk	3,05 m	3. sæti
		Kúluvarp	6,47 m	2. sæti
Lilja María Axelsdóttir	´12	60m hlaup	12,89 sek	1. sæti
		400m hlaup	1:43,93 mín	1. sæti
		Langstökk	2,10 m	3. sæti
Ottó Ingi Annýjarson	´12	Langstökk	1,51 m	12 sæti
Viktor Logi Tello	´12	60m hlaup	13,94 sek	4. sæti
		400m hlaup	1:53,01mín	5. sæti
Páll Axel Axelsson	´14	60m hlaup	15,24 sek	9. sæti
		400m hlaup	1:59,23mín	6. sæti
		Langstökk	1,67 m	11. sæti
Ronja Sif Magnúsdóttir	´11	60m hlaup	12,59 sek	3. sæti
		400m hlaup	1:44,95 mín	3. sæti
		Langstökk	2,79 m	3. sæti
Bjarki Rafn Reynisson	´10	60m hlaup	10,49 sek	1. sæti
		400m hlaup	1:32,17 mín	2. sæti
		Hástökk	1,00 m	1. sæti
		Langstökk	3,80 m	1. sæti
Már Óskar Bjarnason	´10	Kúluvarp	8,10 m	1. sæti
		60m hlaup	12,11 sek	5. sæti
		400m hlaup	1:53,43mín	5. sæti
		Hástökk	0,90 m	4. sæti
Langstökk		Langstökk	3,20 m	2. sæti
		Kúluvarp	4,89 m	6. sæti
	Valgerður Björk Hlíðdal	´14	60m hlaup	13,73 sek
Ragnhildur Sara Andrad	´14	60m hlaup	15,20 sek	11. sæti
		400m hlaup	2:05,93mín	6. sæti
		Langstökk	1,66 m	10. sæti
Baldur Ragnar Ragnars	´12	60m hlaup	12,45 sek	1. sæti
		400m hlaup	1:46,41mín	2. sæti
Nikulás Tumi Ragnars	´14	60m hlaup	15,79 sek	11. sæti
		400m hlaup	2:08,17 mín	8. sæti
		Langstökk	1,96 m	8. sæti
Garðar Þór Jónsson	´10	60m hlaup	11,72 sek	3. sæti
		400m hlaup	1:42,12 mín	4. sæti
		Hástökk	0,90m	4. sæti
		Langstökk	2,90 m	5. sæti
	Kúluvarp	5,50 m	3. sæti	

Sæþór Leó Helgason	’09	60m hlaup	10,20 sek	2. sæti
		Langstökk	3,48 m	4. sæti
		Kúluvarp	9,13 m	1. sæti

Þjótandi átti tvo keppendur á **Vormóti HSK 9. júní**. Árangur þeirra var þessi:

Stefán Narfi Bjarnason	kringlukast	33,72 m	6. sæti
	Spjótkast	46,61 m	4. sæti
Einar Árni Ólafsson	Kúluvarp	10,28 m	5. sæti

Sá ég spóa suðrí Flóa 2020

Munið útivistarverkefnið okkar „Sá ég spóa“.



Kynntar hafa verið 6 gönguleiðir þar sem þátttakendur skrifa nafn sitt í gestabók.

Þeir sem skrifa í 5 bækur eða fleiri lenda í

potti og geta hlotið útdráttarverðlaun sem eru ekki af verri endanum, hellaskoðun í Raufarhólshelli fyrir fjölskylduna.

Verkefnið verður í gangi út ágúst.

Staðirnir eru þessir, nánari leiðarlýsingar á facebooksíðu Þjótanda:

Skógræktin í Skagás

Klofsteinn á Rútsstöðum

Urriðafoss

Knarrarósviti

Háaleiti milli Uppsala og Sölvholts

Flóðgáttin í Hvítá.

Stjórn Þjótanda

Fréttir frá Krakkaborg

Starf og nám í Krakkaborg gengur vel. Hin árlega sumarhátíð leikskólans var haldin án gesta að þessu sinni en nemendur og starfsmenn gerðu sér glaðan dag með ýmsum leikjum og grillveislu. Mikil spennan var yfir því að fá lánaðan torfærubíl að príla í og sendum við eigendum Bombunnar innilegar þakkir fyrir lánið.



Nú hafa elstu nemendur Krakkaborgar þetta skólaárið formlega útskrifast úr leikskólanum. Flottur hópur sem mun láta til sín taka. Búið er að fara yfir umsóknir næsta vetrar og verður leikskólinn orðinn fullsetinn um áramót. Allir dagar einkennast af mikilli útiveru og frjálsum leik. Þó þarf að sinna bæði matjurtum og hænum, nemendur skipta með sér verkum og fylgjast vel með hvort allt sé nú ekki að vaxa og dafna og hvort ekki sé nú örugglega búið að gefa hænunum og fara inn með egginn. Nú eru nemendur og starfsmenn smám saman að tínast í sumarfrí og flestir löngu komnir í sumarskap.

Farið hefur fram úttekt á umhverfismennt leikskólans og við vonumst til að geta flaggað Grænfánanum áfram og fá hann formlega afhentan í annað sinn í haust. Við höfum unnið margvísleg og fjölbreytt verkefni með nemendum, bæði utandyra og innan sem tengjast umhverfismennt og náttúruvernd.

M.a. hefur verið fjallað um sóun og nýtingu. Því tengdu hefur verið starfræktur barnafataskiptimarkaður í leikskólanum, þar sem foreldrar mega bæði taka föt á börnin sín og/eða setja föt á markaðinn sem aðrir mega fá á sín börn. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og er alltaf fullt af barnafötum á markaðinum þrátt fyrir að hann sé tæmdur í Rauða krossinn tvisvar á ári. Einnig hafa starfsmenn haldið úti skiptibókamarkaði í sínum röðum þar sem starfsmenn skiptast á bókum sér til ánægju. Foreldrum hefur nú staðið til boða að velja sér bækur af bókamarkaði starfsmanna sem mun svo einnig verða tæmdur fyrir sumarfrí. Báðir markaðirnir hefjast að nýju að hausti. Seinasti dagur leikskólans fyrir sumarlokun er 1. júlí.

Við lítum björtum augum til framtíðar og hlökkum til að hefja störf að nýju þann 6. ágúst.

Sumarkveðja, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar



GÓMSÆTUR MATUR ÚR
HÉRAÐI, VALIN EÐALVÍN,
GESTAKOKKAR OG GÆÐI

Ferðunsið
innanlands

360°
BOUTIQUE
HOTEL

Kvöldverður alla daga á 360° hóteli í Flóahreppi – tilboð til nágretta okkar

Okkur langar að kynna hótelið okkar fyrir íbúum Flóahrepps. Við bjóðum því öllum nágroönum okkar að koma og skoða hótelið okkar í sumar og kaupa þriggja rétta kvöldverð með 20% afslætti.

Auðvitað eruð þið einnig velkomin á hótelið til dvalar og njóta heitra potta, sauna og nudds. Kvöldverður hefist kl. 19.30 og verðið er 6.400 kr.

Sjá nánari upplýsingar á www.360hotel.is, í síma 562 2900 eða í tölvupóstfanginu stay@360hotel.is

**Get tekið að mér slátt.
Vinnslubreidd um 7
metrar.**

**Reynir Hurðarbaki,
898-0929.**



Munið íþróttastarf Umf. Þjótanda í sumar

Leikjakvöld fyrir unglinga

eru á fimmtudagskvöldum klukkan 20-21:30. Yfirþjálfari er Stefán Narfi Bjarnason. Æfingarnar eru ætlaðar þeim sem voru í 7. bekk og eldri. Staðsetningar eru misjafnar, en eru tilkynntar samdægurs á facebook síðunni „*Leikjakvöld Þjótanda*“.

Íþróttæfingar fyrir krakka

sem voru í 1.-6. bekk (fædd 2008-2013) eru öll miðvikudagskvöld klukkan 20-21 á íþróttasvæðinu við Flóaskóla. Þjálfari er Sunna Skeggjadóttir og henni til aðstoðar Einar Skeggjason.

Höldum áfram að mæta vel í sumar!

TIMBURHÓLAGRILL

Föstudaginn um verslunarmannahelgina verður hið árlega Timburhólagrill. Heitt verður í kolunum um kl. 20:00.

Mætum og höfum gaman saman.

Stjórn skógræktarfélags Samhygðar



Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing	8. júlí
Leikjakvöld	9. júlí
Íþróttæfing	15. júlí
Leikjakvöld	16. júlí
Ungmennafélagsreiðtúrinn	16. júlí
Íþróttæfing	22. júlí
Leikjakvöld	23. júlí
Íþróttæfing	29. júlí
Leikjakvöld	30. júlí
Timburhólagrill	31. júlí
Unglingalandsmótið	31. júlí-2. ágúst